



## Fundargerð 19. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2005

Árið 2005, föstudaginn 18. mars hófst landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga hið 19. á NORDICA hótél í Reykjavík kl. 9:00.

### 1. Þingsetning

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður sambandsins setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

Glætur með erindi hans birt á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins.

### 2. Kjör forseta þingsins og annarra starfsmanna

a) Þingforsetar voru kosnir:

Helga Halldórsdóttir, Borgarbyggð, og  
Sveinn Sæland, Bláskógabyggð.

b) Þingritarar voru kosnir:

Aldís Hafsteindóttir, Hveragerðisbæ, og  
Guðbjartur Gunnarsson, Eyja- og Miklaholtshreppi.

c) Í kjörbréfanefnd voru kosin:

Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, Rangárþingi eystra,  
Gunnar Svavarsson, Hafnarfjarðarkaupstað, og  
Katrín Eymundsdóttir, Kelduneshreppi.

### 3. Störf sameiningarnefndar

Róbert Ragnarsson, verkefnistjóri sameiningarnefndar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og kynnti tillögur hennar.

Róbert gerði grein fyrir tillögum er varða einstök svæði og þeim breytingum sem verða á skipan sveitarfélaga. Fjöldi sveitarfélaga með færri en 1.000 íbúa verður í kjölfarið 19, en fámennasta sveitarfélagið verður Grímsey með 90 íbúa. Tillögur nefndarinnar eru bindandi og verða greidd um þær atkvæði þann 8. október 2005 í stað 23. apríl 2005 eins og áður hafði verið gert ráð fyrir. Umrædd dagsætning byggir á því að Alþingi samþykki framlagt frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum.

Skýrsla nefndarinnar verður send sveitarstjórnnum á næstu dögum.

### 4. Störf tekjustofnanefndar

Halldór Halldórsson, einn fulltrúa sambandsins í tekjustofnanefnd, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og kynnti niðurstöður hennar og tillögur.

Nefndin lauk störfum nú í mars en stefnt hafði verið að því að ljúka störfum í janúar. Fram kom í máli Halldórs að fulltrúar ríkisins hefðu ekki treyst sér til að koma frekar til móts við sveitarfélögin en fram kemur í niðurstöðu nefndarinnar. Rétt er að geta þess að Lúðvík Geirsson fulltrúi sambandsins í nefndinni tók þátt í gerð tillagnanna en stendur ekki að þeim og skilar séráliti.

Skýrsla nefndarinnar lögð fram með fundargögnum.

## 5. Álit kjörbréfanefndar

Gunnar Svavarsson greindi frá eftirfarandi niðurstöðu kjörbréfanefndar:

*Rétt til setu á landsþinginu eiga 174 fulltrúar frá 101 sveitarfélagi. Mættir eru 82 aðalfulltrúar, 16 varafulltrúar eða samtals 98 fulltrúar frá 58 sveitarfélögum. Mæting er 56% sem helst skýrist af því að lítið er hér af fulltrúum frá Norður- og Austurlandi þar sem veður hefur hamlað flugsamgöngum í gær og það sem af er degi í dag.*

## 6. Umræður og fyrirspurnir

Til máls tóku:

Lúðvík Geirsson, bærarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar, gerði grein fyrir því séráliti sem hann skilaði í störfum tekjustofnanefndar. Álit hans liggur hér fyrir og var dreift til þingfulltrúa.

Jón Gunnarsson, oddviti Vatnsleysustrandarhrepps og alþingismaður.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri Reykjavíkurborgar.

Ásmundur Sverrir Pálsson, bærarfulltrúi í Sveitarfélaginu Árborg, lagði fram eftirfarandi tillögu:

*19. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldið 18. mars 2005, tekur undir bókun stjórnar sambandsins um þá niðurstöðu tekjustofnanefndar að hér sé fyrst og fremst um tímabundna ráðstöfun að ræða sem leiði ekki nema að takmörkuðu leyti til varanlegrar styrkingar á tekjustofnum sveitarfélaga. Það er skýr afstaða landsþingsins að forsenda hugsanlegs flutnings nýrra verkefna frá ríki til sveitarfélaga sé að núverandi tekjustofnar verði styrktir jafnhliða.*

*Á þann hátt verði lokið til fullnustu því markmiði sem stefnt var að, að treysta fastan tekjugrunn sveitarfélaga til framtíðar og um leið að leiðréttu þá tekjuskerðingu og útgjaldaaukningu sem sveitarfélögin hafa orðið fyrir á umliðnum árum.*

*Ásmundur Sverri Pálsson, Gunnar Þorgeirsson,  
Þorvaldur Guðmundsson, Anna Kristinsdóttir*

Kristján Þór Júlíusson, bærarstjóri Akureyrarkaupstaðar.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bærarstjóri Mosfellsbæjar

Hjálmar Árnason, alþingismaður Suðurlandshéradis og formaður verkefnisstjórnar um eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar Blönduósbæjar.

Sveinbjörn Eyjólfsson, oddviti Borgarfjarðarsveitar.

Gunnar Svavarsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfjarðarkaupstað.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Elín Línadal, oddviti Húnaþings Vestra.

Flosi Eiríksson, bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ.

Kristján Möller, alþingismaður Norðausturlandshéradis.

Gylfi Þorkelsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Árborg, kynnti samhljóða ályktun bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar þar sem „bæjarstjórn Árborgar skorar á stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og landsfund sambandsins, sem haldinn verður 18. mars n.k. að meta vandlega allar tillögur og forðast skammtímalausnir en krefjast sanngjarnra breytinga á tekjuskiptingunni sem skapi sveitarfélögunum viðunandi rekstrargrundvöll miðað við núverandi verkefni“.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og borgarfulltrúi í Reykjavíkurborg.

Fundarstjóri, Sveinn Sæland, lagði til að tillögu Ásmundar Sverris Pálssonar yrði vísað til nefndar.

Gunnar Svavarsson kvaddi sér hljóðs um þingsköp og lagði til að tillaga Ásmundar Sverris Pálssonar og fleiri yrði þegar í stað borin undir almenna atkvæðagreiðslu.

Fundarstjóri, Sveinn Sæland, úrskurðar að tillögunni verði vísað til nefnda.

## **7. Ársskýrsla – starfsáætlun – stefnumörkun – skipun umræðuhópa**

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri sambandsins, gerði grein fyrir ársskýrslu sambandsins fyrir árið 2004, starfsáætlun og fjárhagsáætlun fyrir árið 2005, framgangi stefnumörkunar sambandsins 2002–2006 og lagði fram tillögu um skipan umræðuhópa.

Hádegisverðarhlé var gert kl. 12:30.

Gert var hlé á þingstörfum meðan umræðuhópar störfuðu milli kl. 13:10 og 15:00.

Kl. 15:00 hófst fyrsti ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga.

Kl. 16:15 hófust þingstörf að nýju og setti Helga Halldórsdóttir, fundarstjóri fund.

## 8. Niðurstöður umræðuhópa

Ásmundur Sverrir Pálsson skýrði frá því að flutningsmenn tillögunnar, sem hann og fleiri höfðu kynnt fyrir í dag, hefðu fyrir sitt leyti fallist á orðalagsbreytingu á tillögunni.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, kynnti álit umræðuhóps númer 5 og hóf mál sitt á því að kynna þær breytingar sem orðnar eru á tillögu Ásmundar Sverris og fleiri. Tillagan hljóðar svo með breytingum:

*19. landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga, haldið 18. mars 2005, tekur undir bókun stjórnar sambandsins um þá niðurstöðu tekjustofnanefndar að hér sé fyrst og fremst um tímabundna ráðstöfun að ræða sem leiði ekki nema að takmörkuðu leyti til varanlegrar styrkingar á tekjustofnum sveitarfélaga. Það er skýr afstaða landsþingsins að jafnhliða flutningi nýrra verkefna frá ríki til sveitarfélaga liggja fyrir samkomulag um fjármögnun verkefnanna.*

*Ennfremur verði því markmiði náð sem stefnt var að, að treysta fastan tekjugrunn sveitarfélaga til framtíðar og um leið að leiðrétta þá tekjuskerðingu og útgjaldaaukningu sem sveitarfélögin hafa orðið fyrir á umliðnum árum.*

Eftirtaldir tóku til máls:

Hörður Guðbrandsson, Grindavíkurbæ, tók til máls varðandi álitid og bað um útskýringar á þeirri breytingu sem orðin er á tillögunni. Ragnheiður skýrði breytingarnar.

Sveinbjörn Eyjólfsson gerði orðalagsbreytingar.

Jón Gunnarsson vildi skýrara orðalag á tillögunni.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir lagði til að ekki yrði fallist á þær orðalagsbreytingar sem komið hefðu fram.

Fundarstjóri, Helga Halldórsdóttir, bar tillöguna í ofangreindri mynd undir atkvæði og var hún samþykkt mótatkvæðislaust.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir kynnti álit umræðuhóps númer 5 að öðru leyti.

Anna Kristinsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavíkurborg, kynnti álit umræðuhóps númer 1.

Jóhann Geirdal, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, kynnti álit umræðuhóps númer 2.

Soffía Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Fljótshéraðs, kynnti álit umræðuhóps númer 3.

Lárus G. Valdimarsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, kynnti álit vinnuhóps númer 4.

Fundarstjóri, Helga Halldórsdóttir, leggur til að niðurstöðum umræðuhópanna verði vísað til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga til frekari úrvinnslu. Var það samþykkt athugasemdalaust.

## 9. Þingslit

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, ávarpaði landsþingsfulltrúa og vék að samskiptum sveitarstjórna og stjórnar sambandsins við ríkisvaldið, bæði stjórnámálanna og embættismanna. Þá lofaði hann að beita sér fyrir því að við kosningu í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga að ári verði tekið tillit til þeirra athugasemda sem gerðar voru við karllægt val á stjórnarmönnum!

Í lokin þakkaði hann starfsmönnum sambandsins fyrir þeirra þátt í þingstörfunum, svo og starfsmönnum þingsins, og sagði þessu 19. landsþingi slitið.

Fleira var ekki gert, þingi slitið kl. 17:15.

*Aldís Hafsteinsdóttir*

*Guðbjartur Gunnarsson*